

**Nd.**

**404. Nefndarálit**

[179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Staðgreiðsla opinberra gjalda launafólks var lögfest á síðasta þingi, en heildarendurskoðun skattalaganna var slegið á frest. Kvinnalistakonur höfðu margt við þá lagasetningu að athuga, enda þótt þær væru fylgjandi því að staðgreiðslu yrði komið á.

Kvinnalistinn átti fulltrúa í milliþinganefnd um staðgreiðslu skatta sem fór yfir og endurmat hin nýsamþykktu lög varðandi staðgreiðslu skatta nú á haustmánuðum. Margt tókst að færa til betri vegar í meðförum þeirrar nefndar, en eins og fram kemur í fyrirvara fulltrúa Kvinnalistans um álit nefndarinnar voru nokkur atriði sem ekki náðist samstaða um og önnur sem ekki fékk að reyna á vegna tímaskorts og skilgreiningar á hlutverki nefndarinnar. Meiri hl. milliþinganefndar taldi það t.d. ekki í sínum verkahring að fjalla um hátekjuskatt né heldur skattlagningu á fjármagns- og eignatekjur. Auk þessa skapaði fulltrúi Kvinnalista ágreining um tilhögun barnabótagreiðslna og framreikning persónuafsláttar.

Við afgreiðslu þessa frumvarps skal þess nú enn freistað að fá fram þær lagfæringar á lögnum sem Kvinnalistinn telur brýnastar um leið og sú skoðun er áréttuð að endurskoðun skattkerfisins í heild hefði verið hið eina rétta. Það er ekki vansalaust hversu mjög sú endurskoðun hefur dregist.

Í breytingartillögum Kvinnalistans felast eftirfarandi atriði:

Skattþrepin verði tvö þar sem tekjur yfir 2 500 000 kr. á ári bera 33% tekjuskatt. Jafnframt er lagt fram frumvarp á þskj. 406 um mishátt útsvar eftir tekjum þar sem heimilt verður að leggja allt að 9% útsvar á tekjur yfir 2 500 000 kr. á ári. Þetta gefur svigrúm til hækkunar persónuafsláttar, um 5000 kr. á ári.

Í öðru lagi er lagt til að barnabætur verði greiddar til móður ef barnið er í hennar umsjá, annars þeim sem því hlutverki gegnir. Rökin fyrir því eru þau að barnið er í flestum tilfellum fyrst og fremst í umsjá móður, hún tekur á sig ómælda vinnu sem hvergi er metin til launa og oftast er það móðirin sem verður fyrir tekjutapi vegna umönnunar barnsins. Og hverjar svo sem aðstæðurnar eru þá er móðirin nær undantekningarlaust tekjulægri en faðirinn. Auk þess er hagræði að því að greiða barnabætur út óskiptar þar sem útsendingar verða miklu færri.

Fyrir deildinni liggur tillaga um að endurskoða upphæðir persónuafsláttar og barnabóta mánaðarlega, en ekki tvisvar á ári, eins og lögin mæla fyrir um, en það getur munað skattgreiðendur dágóðri upphæð hvor aðferðin er notuð. Kvinnalistinn styður þá tillögu, enda er hún samhljóða tillögu Kvinnalistans við afgreiðslu nógildandi laga á síðasta þingi.

Að þessum tillögum samþykktum leggur 2. minni hl. til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. des. 1987.

Kristín Halldórsdóttir.